



## Minnisblað – Fræðsluráð

Fyrirspurn frá Samfylkingunni

Málsnúmer 2201739 – Mönnun leikskóla

### 1. Hvaða leikskólar eru ekki fullmannaðir og hversu mörg stöðugildi þarf til að ráða í til að fullmanna þá leikskóla?

Leikskóli	Stöðugildi
Víðivellir	2
Vesturkot	1
Stekkjarás	4
Hraunvallaleikskóli	2
Skarðshlíðarleikskóli	6
Norðurberg	1
Hörðuvellir	1-2
Hlíðarendi	4
Tjarnarás	1
<b>Samtals</b>	<b>23 stöðugildi</b>

### 2. Þegar leikskólar í Hafnarfirði geta ekki haft opið sökum mannekle er gripið til sérstakra aðgerða hvað það varðar? Ef svo er hvaða aðgerðir eru það og með hvaða hætti er þeim framfylgt?

Við framfylgjum svokölluðum verklagsreglum vegna fáliðunar í leikskólum Hafnarfjarðar. Tilgangur verklagsins er að tryggja að fram fari mat á aðstæðum þegar skortur er á starfsfólki í leikskólum Hafnarfjarðar, hvort sem það er um að ræða forföll eða sökum annara ástæðna þegar um fáliðun er að ræða. Auk þess er tilgangur að tryggja viðbrögð við fáliðum eð öryggi barna í leikskólum. Verklagið gildir fyrir alla leikskóla Hafnarfjarðar.

#### Ábyrgð leikskólastjóra:

Leikskólastjóri ber ábyrgð á því að reikna út þörf fyrir starfsmenn út frá fjölda barna og skipulagi skólastarfsins. Ávallt skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma þeirra, aldri og þörfum. Einnig samsetningu starfsmannahópsins og umfangi stuðningsþjónustu á hverjum tíma. Stöðugildi leikskólastjóra, stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra, starfsmenn í eldhúsi og stuðningsaðili barns sem fær úthlutað samkvæmt 1. flokki, falla ekki undir skilgreiningu um stöðugildi á deildum þegar fáliðun er metin. Tölfræðin við barngildisútreikninga í Karellen skal notuð til hliðsjónar.

Komi til þess að það þurfi að senda börn heim vegna fáliðunar er lögð áhersla á að jafnræðis sé gætt þ.e.a.s. að vistunarskerðing komi ekki ójafnt niður á foreldrum.



## Hafnarfjörður

Systkini skulu fylgjast að. Undantekning frá þessu viðmiði er að börn starfsmanna í leikskólum eru ekki send heim.

Ef nauðsynlegt er getur þurft að minnka og jafnvel fella niður ákveðna þætti í starfinu og einfalda sem metið er hverju sinni.

Leikskólastjóra ber að tilkynna á skrifstofu mennta og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar á netfangið [jenny@hafnarfjordur.is](mailto:jenny@hafnarfjordur.is) ef faliðun er það mikil að leikskólastjóri telur að senda þurfi börn heim, eða jafnvel þurfi að gera breytingar á opnunartíma leikskóla. Komi til að skerða þurfi opnunartíma til lengri tíma þá þarf að leggja fram áætlun um skerðingu í foreldraráði og gefa þeim kost á álitum eða umsögn.

### Aðgerðir:

- Færa eða fresta undirbúningstíma – vinna hann í yfirvinnu
- Börn færð á milli deilda
- Sérkennslustjóri/aðstoðarleikskólastjóri/leikskólastjóri leysa af sé þess kostur
- Hringt í foreldra og börn sótt –
  1. Hringt í foreldra barna sem eru á þeim tíma sem vantar starfsfólk
  2. Hringt í öll börn á deildinni og foreldra beðnir um að sækja fyrir þegar leikskólastjóri skipuleggur skólaárið þá skal gætt að því að það verði aldrei fleiri en tveir starfsmenn í leyfi á sama tíma. Þetta er mikilvægt þegar um veikindi og eða innilotur vegna náms er að ræða.

Jenny Dagbjört Gunnarsdóttir, Próunarfulltrúi leikskóla